

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GB1</u>
13. mars 2013
8.19.1
Tilv. USTZ0130100123



Kalka ehf.  
Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri  
Berghólabraut 7  
230 Keflavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 7. mars 2013  
Tilv.: UMH13010119/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 17. janúar sl. þar sem Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. sækir um undanþágu frá starfsleyfi til að brenna koltjörubik frá Alcoa Fjarðaáli. Í erindinu kemur fram að um sé að ræða um 20 stórsekki, eða u.þ.b. 16-17 tonn.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 17. f.m. Í umsögn stofnunarinnar frá 30. f.m. kemur fram að seitn á síðasta ári hafi Alcoa Fjarðaál leitað til Umhverfisstofnunar með leiðir til að nýta koltjörubik sem ekki væri hægt að nota við álframleiðsluna. Um hafi verið að ræða efni sem sérstaklega sé framleitt til notkunar í rafgreiningarkerum til álframleiðslu. Uppi hafi verið hugmyndir um að nýta efnið í malbik. Við nánari athugun hafi komið í ljós að koltjörubikið innihaldi efnasamband sem flokkað sé sem eitur og teljist því spilliefni, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Notkun í malbik hafi því verið útilokuð. Samkvæmt öryggisblaði framleiðanda koltjörubiksins sé mælt með að því að efnið sé fargað með brennslu. Þar sem efnið sé sérstaklega ætlað til notkunar í álverum falli það í flokkinn „10 03 00 úrgangur frá álframleiðslu“ í framangreindri reglugerð. Þá komi fram í umsögninni að Umhverfisstofnun geri ráð fyrir að það koltjörubik sem erindi Sorpeyðingarstöðvarinnar fjalli um sé sama efnið og Alcoa Fjarðaál leitaði til stofnunarinnar með. Samkvæmt starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvarinnar, og viðauka sem því fylgir, sé henni óheimilt að taka á móti og/eða brenna úrgang frá álframleiðslu, þ.e. sem fellur í framangreindan flokk 10 03 00. Í erindi Sorpeyðingarstöðvarinnar sé sett fram yfirlýsing um að meðhöndlun koltjörubiksins muni ekki valda því að farið verði yfir heimildir. Umhverfisstofnun hafi ekki ástæðu til að draga þá yfirlýsingu í efa og meti það svo að ef ákvæðum starfsleyfis stöðvarinnar sé fylgt, s.s. varðandi meðferð spilliefna, magn spilliefna sem brennt sé hverju sinni, lokabrennslu lofttegunda, hreinsun útblásturs og losunarmörk í útblæstri, þá fari meðferð og förgun efnisins fram við fullnæggjandi aðstæður. Í ljósi framangreinds gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi til að taka á móti og brenna um 20 stórsekkjum af koltjörubiki frá Alcoa Fjarðaáli.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að taka á móti og brenna um 20 stórsekki af koltjörubiki frá Alcoa Fjarðaáli, enda verði ákvæðum


gildandi starfsleyfis stöðvarinnar fylgt við alla meðferð og brennslu efnisins. Undanþága þessi gildir eigi lengur en til 1. ágúst 2013.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja